

SKTL3TM05

Búið til: Wed, 10 Mar 2021 12:50:21 GMT

Titill

Tónlist og erlend menning

Skammstöfun

SKTL3TM05

Útgáfunúmer

5

Námsgrein

Skapandi tónlist

Viðfangsefni

Tónlist og menning

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn felst í tónlistar- og menningarferð til Evrópu. Í undirbúningi fyrir ferðina vinna nemendur að undirbúningi fyrir tónleika sem verða haldnir í ferðinni. Nemendur afla sér einnig fróðleiks um viðburði og staðsetningar á svæðinu sem að þau hafa áhuga á að heimsækja og skoða. Nemendur heimsækja sögulega staði og fræðast um tónlistarmenningu landsins.

Forkröfur

10 einingar á 2. þrepi í skapandi tónlist

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- undirbúningi tónlistarviðburðar erlendis
- tónlist og menningu svæðis sem heimsótt er
- sögu tónleikastaða og tónleikahalla svæðis sem heimsótt er
- eigin vinnuframlagi og annarra
- að þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- mikilvægi samfélagsmiðla við kynningu á tónlist
- hvernig á að skipuleggja fjáraflanir og framkvæma þær

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til um tónlist og menningu framandi lands á erlendu máli
- halda úti samfélagsmiðlum í undirbúningi og meðan á ferð stendur, sem að kynnir ferðina og fróðleik fyrir áhorfendum
- taka þátt í samræðum og vinnu við tónlistarfólk á erlendu tungumáli
- afla sér upplýsinga um tónlistarviðburði á svæði sem heimsótt er
- afla sér upplýsinga um sögulegar staðsetningar, sögu tónleikastaða og menningu svæðis sem heimsótt er
- upplifa og taka þátt í erlendri tónlistarmenningu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig um tónlistarmenningu og sögu frá svæði sem heimsótt er
- vera meðvitaður/uð um mikilvægi tónlistar á svæði sem heimsótt er
- sýna sjálfstæði við að undirbúa tónlistarviðburð erlendis
- tjá sig um eigin upplifun fyrir, á meðan á ferð stendur og eftir að heim er komið
- halda úti samfélagsmiðlum við kynningu á tónlist
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- sýna umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum menningarheimum
- meta eigið vinnuframlag

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd